

Nóvember 2013

Til foreldra fermingarbarna.

Umræðukvöld um kristna trú. Leiðsögn á lífsins vegi.

Við viljum bjóða þér/ykkur að taka þátt í umræðukvöldum sem við nefnum *Leiðsögn á lífsins vegi* næstu þrjú miðvikudagskvöld kl. 20-21:30. Með þessum kvöldum viljum við skapa vettvang til umræðu um nokkur grundvallaratriði trúarinnar sem fermingarbörnin eru að tileinka sér. Eins og í fermingarfræðslunni leggjum við samverurnar upp bæði sem fræðslu (innlegg), umræður og skoðanaskipti og upplifun og þátttöku í helgihaldi. Von okkar er að þú/þið getið nýtt þetta tækifæri til að vera samferða barni ykkar með nýjum hætti þetta ár sem það er að fræðast um trúna.

Kvöldin eru þannig að í upphafi er innlegg, svo eru kaffiveitingar, og þar á eftir umræður í hópum. Kvöldin enda með fjölbreytilegri helgistund þar sem leiðbeint verður í kristinni íhugun, um notkun bænabands og fyrirbænaþjónustu kirkjunnar. Best er að fylgja námskeiðinu öll þrjú kvöldin en þau sem ekki hafa tækifæri til þess er velkomið að koma stök kvöld.

Dagskrá:

Miðvikudaginn 6. nóvember kl. 20

Gildismat og sköpun Guðs

Miðvikudaginn 13. nóvember kl. 20

Trúin á Jesú

Miðvikudaginn 20. nóvember kl. 20

Bæn og íhugun

Ekki er þörf að skrá sig en að mæta þegar tækifæri gefst með góða skapið og spurningar sínar og vangaveltur.

Með bestu kveðju

Gunnlaugur Garðarsson, sóknarprestur
Ragnheiður Sverrisdóttir, djákni
Guðmundur Guðmundsson, héraðsprestur